

LISTIR

Góðar tilraunir

BÆKUR

Ritgerðasafn

SMÁSMÍÐAR: TILRAUNIR UM BÓKLIST OG MYNDMENNTIR

eftir Gunnar Harðarson.
Bjartur 1998 – 128 bls.

ATHYGLIS- og umhugsunarvert er hvað nærri tveggja áratuga gamlar ritgerðir Gunnars Harðarsonar um íslenska myndlist og nýlist sérstaklega hafa haldið gildi sínu: Af kostulegri og heiftuðugri umræðu sem spannst út af myndlistarsýningunni „Ground“ á Listasafni Akureyrar síðastliðið sumar er augljóst að mörgu nátttröllinu veitti ekki af að lesa skilgreiningar Gunnars á (ný)list í greininni „List um list er list“ sem birtist upprunalega í *Dagblaðinu* árið 1980. Andskotar nýlistar 1998 eru enn við sama heygardshornið.

Smásmíðar Gunnars er safn tíu ritgerða sem flestar varða „sjónmenntir eða bóklistir með einhverjum hætti“ eins og segir í formála. Ritsmíðarnar tíu eru áður birtar greinar eða fluttir fyrirlestrar; sú elsta er frá 1979 en sú nýjasta 1991. Safnið var gefið út í fyrrasumar hjá Bjarti í samvinnu við Nýlistasafnið í tengslum við tuttugu ára afmælisýningu safnsins á bókverkum úr eigu þess.

Helsta gildi safnsins liggur kannski einmitt í umfjöllun höfundar á bóklist. Fyrsta greinin í safninu og jafnframt sú veigamesta er „Trönurnar fljúga! Um bókagerð íslenskra myndlistarmanna“. En hún og greinin „Staðan í íslenskr

bóklist“, báðar skrifaðar 1985, eru ágætar og fróðlegar heimildir um fyrirbærið.

Í þessum ritgerðum er m.a. gerð grein fyrir upprunalegri hugmynd að baki bóklistinn: hún skyldi vera list fyrir alla, óbundin söfnum og galleríum; frumkvöðlum hennar hér á landi: Dieter Roth og Magnúsi Pálsyni; og Gunnar leggur fram hjálplegar skilgreiningar á bókverkum og gerir grein fyrir „mismunandi flokkum bókverka“ og tiltekur „einkenni íslenskrar bókagerðar“.

Bóklist er nátengd hugmyndlist (konsept- eða hugtakalist) og þar með nýlist en allar ofangreindar greinar og ritgerðin „Fáeinir atugasemdir um Listina“ eiga saman og eru tilraunir til að nálgast fyrirbærið „list“ – tilgang hennar og eðli – án þess að lögð séu fram einhlít svör.

Greinin „Abstrakt málverk og íslensk hefð“ er skrifuð í tilefni af umdeildri yfirlitssýningu á íslenskrum abstraktlist á Kjarvalsstöðum 1987. Athugasemdir Gunnars um sýninguna eru fræðandi sem og þælingar um hugtakið „óhlutstæð myndlist“. Gunnar telur íslenska abstraktlist einkennast af sterkri tjáningu og veltir því fyrir sér hvort ekki væri nær að kenna hana við „íslenska tjástefnu“.


Greinarnar „Mósaík myndað úr orðum“, um skáldskap Gyrðis Elíassonar; „Í spegli aldarfarsins“;

hugleiðingar um gott/vont eðli mannsins; og „Rökræður í Skarðsbók“, um gagnrýna hugsun Íslendinga, eða skort á henni öllu heldur, tengjast síst yfirlýstu umfjöllunarefni bókarnar og síðarnefndu greinarnar tvær hefðu jafnvel mátt missa sín. „Rökræður í Skarðsbók“ er helsti yfirlýsingakennd og að nokkru leyti seld undir þá sök sem greinin þykist vera að gagnrýna.

Síðasta grein bókarnar „Að byggja upp á nýtt“ og jafnframt nýjasta greinin fjallar um byggingarlist og er ágætt framlag til umræðunnar um átök móðernískra og póstmóðernískra viðhorfa í arkitektúr. Þar er gerð grein fyrir „jarðtúkumplexinum“ sem ein-sýnt er að hrjáð hafi þær kynslóðir sem hafa haldið um valdataumana seinni hluta aldarinnar, haldnir „útilokunartilhneigingum nútíma-stefunnar“. (Ekki er laust við að „jarðtúr“ fyrirfinnst enn í æstu valdastöðum.)

Pótt greinarnar í *Smásmíðum* hafi birst áður er fengur að því að fá þær saman á einum stað í lálausri og vandaðri útgáfu. Einkar læsilegar greinar Gunnars Harðarsonar eru í senn fræðandi og skemmtilegar. Forlögin mættu gera meira af því að gefa út viðlíka ritgerðasöfn.

Geir Svansson



EITT af verkum Ásgerðar Búadóttur í Ingólfsstræti 8.

Ofin myndverk

MYNDLIST

Ingólfsstræti 8

VEFLIST
ÁSGERÐUR
BÚADÓTTIR

Til 14. febrúar. Opíð frá fimmtudegi
til sunnudags kl. 14–18.
Aðgangur ókeypis.

ÁSGERÐUR segir það vissa ögrun og áskorun að sýna í salnum Ingólfsstræti 8, vegna þeirra jákvæðu skilyrða sem rýmið setji henni varðandi hlutföll og lýsingu. Hún hefur ávallt verið sér á báti í íslenskrum myndlist vegna tækni sinnar og afstöðu sinnar til hennar. Ásgerður vill nefnilega ekki láta flokka sig sem vefara í faglegri merkingu orðsins. Hún lítur á sig sem myndlistarmann sem nýtir sér vefnað sem miðil, líkt og aðrir velja sér olíuliti og striga ellegar leir og gips.

Það mætti kalla slíka afstöðu postmóðerníska því hún sýnir hve rækilega Ásgerður dregur í efa réttmæti móðernískrar hölfunar, einkum hvað varðar deilingu listarinnar í svokallaða „frjálsa“ akademíska tjáningu og „fagbundinn“ listiðnað. Hún hikar ekki við að kalla hefðina og söguna til vitnis um það að núverandi skipting sé raka-laus. En í staðinn fyrir að skoða sig sem hluta af mengi íslenskra

textillistamanna rekur Ásgerður upphaf sitt til almennrar myndlistarmenntunar og hvíkar ekki frá þeirri afstöðu að vefnaður sinn sé jafn „frjálsr“ tegundar og hvaðeina sem hengt er á vegg Ingólfsstrætis 8.

En hví skyldum við dvelja við þessa afstöðu Ásgerðar; skiptir nokkru máli hvernig list hennar er flokkuð? Í fljótu bragði virðist það ekki breyta miklu um ágæti verka hennar. Annað kemur þó á daginn. Með því að hafna viðtekinni skiptingu listgreina innan almennrar myndlistar blæs Ásgerður mikilvægum ferskleik og styrk í verk sín. Inntak þeirra verða mun ákveðnara en ella. Það stafar ekki af því að vefnaður sé veikburða listgrein, heldur hitt að tímabundin staða hans – líkt og svo margra annarra handverksgreina – er veik.

Á meðan listiðnaðarmenn setta sig við skör lægri sess en starfsfélagarnir í „frjálsu“ listunum vænkast vart hagar strýmpu. Verk Ásgerðar eru fullkomin andstæða slíkrar nauðhyggju. Sýningin í Ingólfsstræti 8 er sýning listamanns sem finnur styrk sinn í hvívetna. Hún nýtir þess að hafa mótað sér einfaldan og kröftugan stíl, ríkan af möguleikum en snauðan af brúðli, þar sem hver þráður ber vott um hæfileika hennar, hugmyndaauði og vandvirkni.

Halldór Björn Runólfsson

Tímarit

● **SKAFTFELLINGUR** – Þættir úr Austur-Skaftafells-sýslu, 12. árgangur, er kominn út. Sturlaugur Þorsteins-son bæjarstjóri ritar formála. Bjarni F. Einarsson skrifar grein er nefnist Víkingaaldar-býlið Hólmur í Laxárdal; Sigurður Björnsson ritar grein er nefnist Skeiðará og Skeiðar-ársundur; Benedikt Sigur-jónsson skrifar um skipasmíðar og sjósókn; grein Flosa Björnssonar nefnist Land-mælingar í Öræfum 1902 og 1904; Guðrún Karlsdóttir skrifar um ferð til Austurríkis í júní 1966 og grein Unnar Kristjánsdóttur nefnist Ferðalag á vörubíl 1947.

Auk þess eru í ritinu endurminningar frá árdögum byggðar á Höfn eftir Stefán Guðna-son og Björn Pálsson, annálar sveitarfélaga og greinar um látna Austur-Skaftafellinga.

Útgefandi er Sýslusafn Austur-Skaftafellinga á Höfn. Ritstjóri er Sigurður Björnsson á Kvískerjum. Ritið er 240 bls. og fæst á Sýslusafni-nu. Þar fást einnig eldri árgangar.

„Hefðar-kona“ píanó-leiksins látin

FRANSKI píanóleikarinn Jeanne-Marie Darre, sem bandarískir gagnrýnendur nefndu eitt sinn „hefðarkonu“ píanóleiksins, lést nýlega, 93 ára að aldri.

Darre átti langan feril að baki sem píanóleikari og leiðbeinandi og þótti hafa yfir að ráða afar góðri tækni. „Stíll hennar var í anda franska skólans“, sagði Marcel Weiss, talsmaður Tónlistarskólans í París, „hreinn tónn og heidarlegur, án allrar væmni“.

Darre lærði á píanó af móður sinni áður en hún hóf nám við Tónlistarskólann í París. Á sínum fyrstu tónleikum er hún var 21 árs flutti hún fimm píanókonserter Camilles Saint-Saens sem þykir gera miklar líkamlegar og andlegar kröfur til flutningsmanns. Frumflutningur hennar vestanhafs var hins vegar árið 1962 er hún lék með Boston-symfóníunni í Carnegie-höllinni.

Darre kenndi við Tónlistarskólann í París árin 1958-1975 og varð ýmiss konar hefðurs aðnjótandi í heimalandi sínu. Munu upptökur af flutningi hennar á verkum ýmissa listamanna, s.s. Chopins, vera til á geislaplötum.

Sudrænt yfirbragð

GLASGOW sófi, klæddur glæsilegu efni, lausar sessur, bólstraður með kaldsteyptum svampi. Fæst í ýmsum litum og gerðum áklæða.
3ja sæta sófi L220 sm kr. 79.920,-
2ja sæta sófi L200 sm kr. 71.960,-

BANGALORE skápur með glerhurð úr fornfáðum býflugnavaxbornum seesham-viði B90 x H165 x D40 sm kr. 49.860,-

COLOBA sófaborð úr fornfáðum, býflugnavax-bornum seesham-viði B75 x L135 sm kr. 29.970,-

BANGALORE 49.860,-

GLASGOW 79.920,-

COLOBA 29.970,-

GLASGOW 71.960,-

HÚSGAGNAHÖLLIN

þar sem úrvalið er meiralt

Bíldshöfði 20 - 112 Reykjavík Sími 510 8000